

Skógarvörðurinn á Vöglum.



STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1974.



Ísleifur Sumarliðason.



Starfskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1974.

.....

1. VEDURFAR ÁRSINS.

Í janúar var með hlýrra móti og var sunnanátt tíðust í mánuðinum.

Mesta snjódýpt mældist 90 cm. Meðalsnjódýpt var 69 cm. Hámark hita mældist 7.4 stig 20. janúar, lágmark -11.8 stig 14. s. m.

Í febrúar var norðlæg átt tiltölulega tíðust. Geysilegt snjóflóð féll milli Skarðs og Þverár í Dalsmynni og færði skála veiðifélags, sem þar var staðsettur, yfir Fnjóská og mólbraut hann, ásamt skógarspildu í landi Skuggabjarga. Annað snjóflóð tók brú af Grefilsgili, utan við Skarð. Víðar féllu snjóflóð í Grýtubakkahreppi og öllu þau miklum skemmdum á síma- og raflínunum.

Snjódýpt mældist mest 150 cm. Meðalsnjódýpt var 113 cm. Til fróðleiks má geta þess að 20. febrúar var mælt frost í jörð í gróðrarstöðinni. Þá var snjódýpt 135 cm, frost í jörð 8 cm.

Hámark hita mældist 7.2 stig 26. febrúar, lágmark -21.5 stig 16. s. m.

Í marz var frekar milt veðurfar, nokkuð breytileg átt, en sunnanátt þó tíðust að tiltölu.

Meðalsnjódýpt var 55 cm, mest í byrjun mánaðarins 90 cm. Hámark hita mældist 9.4 stig 31. marz, lágmark -11.5 stig 21. s. m.

Í apríl var yfirleitt suðlæg átt ríkjandi og var mánuðurinn einhver sá hlýasti og besti er menn muna og skýrslur segja til um. Til merkis um það má geta þess að 16. apríl var brum á birki mjög farið að þrútna og lerki að byrja að litkast. Í lok mánaðarins var lerki orðið grænt og skógurinn að byrja að litkast.

Mest snjódýpt mældist í byrjun mánaðarins, 20. cm., þann 12. febrúar mældist snjór ekki lengur og 23. s. m. er talið alautt.

Hámark hita mældist 12.7 stig 29. apríl, lágmark -5.3 stig þann 8. s. m.

Í maí var mjög hagstætt tíðarfar og allur gróður var kominn óvenju langt áleiðis, þegar hörkufrost gerði dagana 27.- 30. maí.

Skemmdir urðu verulegar á trjágróðri í sýslunni, sérstaklega þó inn til dala en lítið við sjávarsíðuna. Allt berjalyng fraus, svo allstaðar gat rauða fláka yfir að líta, jafnt upp til hlíða sem á láglandi. Ekkert slíkt áfall hefur orðið á trjágróðri hér í sýslunni a. m. k. sl. 25 ár. Þarf vafalaust að leita miklu lengraaftur í tímann, þrátt fyrir mörg köld ár hin síðustu. Mikill munur er þó á hinum ýmsu trjategundum.

Skógurinn var allaufgaður 20. maí, en grænn yfir að líta 15. s. m.

Suðlæg átt var tíðust að tiltölu í mánuðinum.

Hámark hita mældist 16.1 stig 24. maí, lágmark -6.5 stig 27. s. m. og mest -9.2 stig á lágmarksmáli við jörð 28. s. m.

Í júní var frekar breytileg átt, svo var einnig um hitann.

Gróðri fór mjög hægt fram eftir áfallið í maí, sem gerði það að verkum að lítil vöxtur varð á trjágróðri og sumt náði ekki að jafna sig aftur yfir sumarið. Sláttur hófst ekki fyrr en í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 25.5 stig 23. júní, lágmark 1.1 stig 9. s. m. Frost mældist einu sinni á lágmarksmáli við jörð.

Í júlí var mjög breytileg átt, þó sérstaklega tíð norðlæg átt. Þrátt fyrir það var mjög sólríkt og ágæt heyskapartíð.

Hámark hita mældist 21.1 stig 24. júlí, lágmark 1.2 stig 13. og 14. s. m. Frost mældist þrisvar á lágmarks máli við jörð.

Í ágúst var breytileg átt, hagstætt tíðarfar fyrstu 12 daga mánaðarins, en eftir það kalt og aðallega norðlæg átt.

Skógurinn byrjaði snemma að gulna og voru haustlitir mjög áberandi og fallegir í lok mánaðarins.

Hámark hita mældist 18.2 stig dagana 6. og 10. ágúst, lágmark -2.6 stig í málaskýli og -4.1 stig á lágmarksmáli við jörð 27. ágúst. Frost mældist fimm sinnum í málaskýli í mánuðinum og sex sinnum á lágmarksmáli við jörð.

Í september ríkti aðallega norðlæg átt. Var óvenju kalt og úrkomusamt í mánuðinum.

Talsvert af laufi skógarins féll um 6. september, mikið af því var fallið viku síðar og lauflaus var skógurinn að mestu um 20. s. m.

Alhvítt var síðustu níu daga mánaðarins og mældist snjódýptin mest 12. cm. 28. sept.

Hámark hita mældist 17.0 stig 2. sept., lágmark -9.9 stig í mælaskýli og -12.4 stig á lágmarki við jörð 30. s. m.

Frost mældist 16 sinnum í mælaskýli.

Í Október var breytileg átt, suðlæg átt þó tíðust að tiltölu, umhleyppingasamt.

Snjóinn frá því í september tók upp og fór snjódýptin aldrei yfir 15 cm. í mánuðinum.

Hámark hita mældist 13.2 stig 13. október, lágmark -12.4 stig 28. s. m.

Í Nóvember var frekar breytilegt átt, sunnátt þó mest áberandi. Snjólitið var og væg frost.

Hámark hita mældist 9.8 stig 5. nóvember, lágmark -12.2 stig 17. s. m.

Meðalsnjódýpt var 22 cm., mest 45. cm.

Í Desember var tíðarfarið mjög umhleyppingasamt, kalt og taksverður snjór.

Hámark hita mældist 7.2 stig 30. desember, lágmark -21.3 stig 22. s. m.

Meðalsnjódýpt var 68 cm., mest 125 cm.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum 1974.

	<u>Vik frá meðall.</u>	<u>Meðalhiti c°</u>	<u>Úrkoma mm.</u>
Janúar	2.1	-6.9 (0.7)	83.3 (29.8)
Febrúar	0.6	-2.5 (-6.6)	158.6 (90.9)
Marz	4.3	2.2 (0.2)	15.7 (28.5)
Apríl	5.7	5.8 (0.8)	25.0 (67.7)
Mai	1.5	6.6 (4.0)	22.0 (36.7)
Júní	0.5	9.2 (6.8)	40.8 (41.8)
Júlí	-0.5	9.6 (10.4)	81.0 (27.5)
Ágúst	-1.5	7.8 (9.1)	66.7 (68.4)
September	-2.9	3.5 (7.2)	108.7 (42.6)
-Októ-ber	-0.8	1.2 (1.4)	55.0 (66.5)
Nóvember	-0.4	-1.1 (-7.6)	76.7 (85.6)
Desember	-2.6	-5.4 (-7.6)	109.6 (96.3)
<u>Árið</u>		<u>3.0 (1.6)</u>	<u>843.1 (682.3)</u>

Tölurnar í svigum gefa til kynna hita og úrkomu ársins 1973.

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

a. Laufgun og lauffall.

Um miðjan apríl var brum á birki mjög farið að þrútna og lerki að litkast. Í lok mánaðarinnar var lerki orðið græmt og skógurinn að byrja að litkast. Skógurinn var grænn yfir að líta um miðjan maí og allaugaður um 20. s. m.

Skógurinn fór snemma að gulna, um 10. ágúst, og voru haustlitir mjög áberandi í lok mánaðarins.

Talsvert lauffall var 6. september, mikið af laufi fallið viku síðar og var skógurinn lauflaus að mestu um 20. s. m.

b. Vöxtur.

Vöxtur var yfirleitt lítil, vegna þess mikla áfalls sem allur gróður varð fyrir í frostinu í maí. Höfðu margar trjétegundir alls náð sér aftur í haust.

c. Fræfall

Fræsöfnun var engin. Mjög lítið fræ var á birkiskóginum og lúpínufra sáralítið, enda féll hún öll í maí og var aftur í blóma langt fram á sumar.

d. Skaðar á trjám.

Verulegar skemmdir urðu á trjágróðri í frostunum dagana 27.- 30. maí. Hafa svo stórfelldar skemmdir aldrei orðið hér áður. Skemmdirnar urðu mjög misjafnar eftir staðhættum, mestar hér í Fnjóskadal, Fossselsskógi, Reykjadal og víðar, en litlar t. d. á Sandhaugum og í Fellsskógi.

Skemmdirnar flokkast þannig: 1) Lítið skemmt, 2) dálítið skemmt, 3) talsvert skemmt, 4) mikið skemmt.

<u>1.</u>	<u>2.</u>	<u>3.</u>	<u>4.</u>
Svartgreni	Rauðgreni	Hvítgreni	Blágreni
Bergfura	Fjallabíur	Sitkagreni	Sitkabastarður
Broðdfura			Stafafura
Lindifura			Rússalerki
Alaskalerki			Sib.lerki
Alaskaösp			

Að sjálfsögðu verða skemmdirnar ekki metnar að fullu fyrr en að líönu næsta sumri, sézt þá best hvað nær sér af því sem mest hefur skemmt.

3. STARFSFÓLK.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði og kaupgreiðslur. Ákvæðisvinna er talin með í tölu vinnustunda.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1974.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>
Janúar	6	296	60.929.-
Febrúar	6	259	51.441.-
Marz	6	665	170.609.-
Apríl	12	885	228.308.-
Mai	22	2.273	585.138.-
Júní	26	3.273	919.492.-
Júlí	20	3.042	847.837.-
Ágúst	22	3.357	921.422.-
September	15	1.489	392.609.-
Október	6	875	267.752.-
Nóvember	8	959	285.629.-
Desember	6	428	131.363.-
<u>Alls</u>		<u>17.801</u>	<u>4.862.529.4</u>

Skipting vinnulauna:

Dagvinna	14.090	3.278.885.-
Ákvæðisvinna	325	121.521.-
Eftirvinna	3.167	1.042.161.-
Nv. & hdv.	219	100.667.-
Fæðispen.1098d		319.295.-
<u>Alls</u>	<u>17.801</u>	<u>4.862.529.-</u>

Greidd vinnulaun til íbúa Hálshrepps voru kr. 3.220.468.-
Ráðskona var Marselína Hermannsdóttir, systir hennar Birna leysti hana af í ágúst. Skógarvörður gengdi sömu störfum og áður. Þorsteinn Anþórsson, sá um ákveðna þætti starfsins í gróðrarstöðinni.

Tveir norðmenn, þeir Trond Jörgen Arnesen og Per Bronken, unnu hér við grísjun og skógarhögg frá því 20. maí til september loka. Annars var starfsfólk að mestu hið sama og áður.

4. G I R D I N G A R.

b. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður girðinga, efni (birkistaurar) og eftirlit og smölun varð sem hér segir:

	<u>Viðhaldsk.</u>	<u>Staurar</u>	<u>Eftirl.& smölun.</u>
Veglagirðing..... kr.	11.484.-	9.150.-	
Þórðarstaðagirðing -	88.299.-	18.450.-	10.794.-
Sigríðarstaðagirð. -	10.208.-	7.200.-	7.145.-
Mela&Stórhöfðag... -	30.624.-	5.595.-	6.380.-
Sandhaugagirðing.. -	6.380.-	4.800.-	12.250.-
Fellsskógargirðing -	4.083.-	3.000.-	
Alls kr.	<u>151.078.-</u>	<u>48.195.-</u>	<u>36.749.-</u>

Viðhaldskostnaður girðinga var með lang mesta móti, enda voru snjóþyngsli óvenju mikil.

Í Veglagirðinguna var bét 20 staurum 6 f. fúav., 30 stk. 6 f. ófúav. og 30 stk. 5 f. ófúav. Nú var tónið í Mörk girt af að tilhlutan Vegagerðar ríkisins og þar með komið í veg fyrir fjárrennsli yfir vegristina út í skóginn. Var ristin nú tekin upp og notuð á öðrum stað. Enn er eftir að ýta undir girðinguna að sunnan. Er þar um að kenna tækja-og manna-skorti.

Í Þórðarstaðagirðinguna var bét 75 staurum 6. f. fúav. og 80 staurum 5 f. ófúav. Fór mikil vinna í að lagfæra girðinguna á fjallinu, en þangað var ekki farið upp 1973, vegna snjóá.

Í Sigríðarstaðagirðingu var bét 30 staurum 6.f. fúav. og 30 stk. 5 f. ófúav. Girðingin er býsna léleg.

Í Mela-og Stórhöfðagirðingu var bét 30 staurum 6 f. ófv. og 20 stk. 5 f. ófv. Segja má að girðingin standi þarna af gömlum vana og af sömu ástæðu væri ástæða til að minna á að girðinguna þyrfti að girða upp, svo og að girða Skugga-bjargaland, sem verður fyrir miklum ágangi. Virðist hæpið að kaupa ný lönd, meðan ekki er hægt að sinna sómasamlega því sem fyrir er.

Í Sandhaugagirðinguna var bætt 20 staurum 6 f. ófv. og 20 stk. 5 f. ófv.

Í Fellsskógargirðingu var bætt 20 staurum 6 f. fáv. og þarf að bæta talsverðu af staurum í girðinguna á næsta sumari.

5. SKÓGARHÖGG.

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1974.

	<u>Staurar</u> <u>5 fet</u>	<u>Staurar</u> <u>6 fet</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Samtals</u> <u>Krónur</u>
Sala 1974	1.180	1.370	273.340	1.80	1.461.972.-
S. r. Vöglum	180	225	3.000		661.695.-
Birgðir Vöglum	<u>1.625</u>	<u>1.200</u>	<u> </u>	<u>2.00</u>	<u>255.000.-</u>
	2.985	2.795	276.340	3.80	1.778.667.-
Birgðir 1973	<u>1.200</u>	<u>1.270</u>	<u>10.00</u>	<u>1.80</u>	<u>128.990.-</u>
Högg 1974	<u>1.785</u>	<u>1.525</u>	<u>266.34</u>	<u>2.00</u>	<u>1.649.677.-</u>
Tonn	<u>7.14</u>	<u>9.91</u>	<u>266.34</u>	<u>2.00</u>	<u>285.39</u>

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu, sýnir að seldar og afhentar voru viðarafurðir fyrir kr. 1.461.972.- (netto, án sölusk. og flutningsgj.), til eigin nota fyrir kr. 61.695.- alls kr. 1.523.667.-. Aukning birgða nam kr. 128.000.-, alls verðmæti viðarafurða kr. 1.649.677.-.

Vinnulaun vegna skógarhöggs voru kr. 327.932.- og vegna eldiviðar og staura kr. 881.206.-, alls kr. 1.209.138.-.

Auk fyrr greindra tekna voru seld jolatré og greinar fyrir kr. 114.429.- (netto.).

Mun færri jólatré voru nú tekin en ráð var fyrir gert vegna frostskeiddanna í maí.

Tekin voru 20 tré í Ásbyrgi, 40 í Þórðarstaðaskógi, 30 á Sandhaugum, 90 í Fellsskógi og 40 í Vaglaskógi, auk 20 í Sigríðarstaðaskógi, alls 240 tré.

Á síðustu stundu treysti Skógræktarfé. S.-Þing. sér ekki til þess að selja öll trén og seldust því ekki öll trén upp hér. Síðar kom á daginn að tré vatnaði til Húsavíkur, en vegna ófærðar var ekki hægt að bæta úr því.

Í Sigríðarstaðaskógi voru höggvín um 30 tonn viðar, í Þórðarstaða- og Lautaskógi um 96 tonn og í Vaglaskógi um 165 tonn viðar.

Í Sigríðarstaðaskógi var höggvið um miðbik skógar, í Þórðarstaðaskógi og Lautaskógi aðallega norðan og sunnan Búðargils, ofan og neðan vegar. Var þar um fyrstu grísjun að ræða og því lélegur viður og lítið af staurum.

Í Vaglaskógi var haldið áfram að hreinsa burt brotin og léleg tré, aðallega norðan við Merkijagróf, neðan efra-vegar. Einnig var grísjaf í reitum nr. 327, 314, 315, 413, 416 og 417.

Þetta er mesta skógarhögg á vegum S. r. hér í dalnum, en árið 1917 voru höggvín hér í skóginum 256 tonn viðar og um 200 tonnum fleytt niður Fnjóská, en það gekk erfiðlega.

Þetta mikla skógarhögg nú skapaðist af óvæntum markaði hjá K. Jónsson & Co. fyrir loðnu á japansmarkað. Má búast við að sá markaður falli niður, enda æskjalgra að fá stöðugri og árvissari markað fyrir viðinn og þá sízt til eldiviðar.

Nauðsyn er að kanna nýtingu á birkinu/annars en eldiviðar sölu.

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

a. Nývirki og umbætur.

Eins og getið er í starfsskýrslu f. árið 1973, þettust nu við þrjú lítil plastgróðurhús, heimatilbúin.

b. Fræplöntur.

Sáð var í gróðurhúsins dagana 8. og 9. maí. Var fræinu nú öllu sáð í gróðurhús.

Sáningin tókst vel. Þó skal vakin athygli á því að gró-magn birkifræs var mun meira en gefið var upp á fræseðli og varð sáningin því alltof þétt. Vannst ekki tími til að grísa sáninguna sem skyldi, enda seinlegt og kostnaðar-samt.

Alls var sáð 9.73 kg. af fræi í 338 m² í gróðurhúsum.

Þúð er að vefja í móbönd um 49 þúsund plöntur, sem sáð var til á s. l. vori.

c. Dreifsetning.

Dreifsettar voru 105.200 plöntur á hefðbundinn hátt, auk þess voru 13.700 græðkingar vafðir í móbönd.

Dreifsetning hófst 21. maí og lauk 12. júní. Þrjár stúlkur unnu að dreifsetningunni og var hún öll af hendi leyst í tímavinnu.

Frá 4. júlí til 25. október voru 133 þúsund plöntur vafðar í móbönd.

Vegna rótarfrosts urðu mikil vanhöld á s. l. vori á stafafuru í móböndi frá haustinu áður. Var því nú byrjað að vefja stafafuruna og síðan bergfuru.

Meiri hættu á frostskemdum er á plöntum ræktuðum í pottum og móböndi vegna minna barrmagns plantnanna. Rétt er því að flýta sér varlega, meðan meiri reynsla fæst.

Nauðsyn er að koma á vélvæðingu í sambandi við vafning móbandsplantna, að öðrum kosti á aðferðin mjög takmarkaða framtíð fyrir sér hér, vegna kostnaðar.

Afhentar voru um 80 þúsund dreifsetningarplöntur til annara gróðrarstöðva.

d. Hreinsun.

Aðallega unnu tvær stúlkur við hreinsunina. Samt hækkaði þessi liður stórlega. Verður með öllum ráðum að reyna að draga úr honum á næsta ári, enda minnar flatarmál dreifsetninga sífellt.

e. Umbúnaður.

Kostnaður við vetrarumbúnað hélzt svipaður og áður eða tæp 3.5% af kostnaði við rekstur stöðvarinnar.

f. Afhending.

Afhentar voru 184 þúsund plöntur, aðeins 5 þúsund plöntum færra en áætlað, þrátt fyrir mikil afföll og skemmdir á móbandsplöntum í frostunum í maí.

Til afhendingar eru áætlaðar um 200 þúsund plöntur árið 1975, þar af 97 þúsund plöntur úr móbandi.

g. Garðplöntur.

Garð- og hnausplöntur voru seldar fyrir kr. 178.918.- (netto).

Vafðir varu 13.700 græðlingar í móband, ýmsar víðitegundir og runnar.

Talsvert var pottað af plöntum, aðallega birki, ösp, sitkagreni og broddfura.

Farin var söluferð til Húsavíkur með garðplöntur og gaf sú ferð góða raun. Seldust svo til allar plöntur á örskammri stund. Sýnir það bezt þörfina fyrir plöntur hér nyrðra og væri full ástæða til þess að koma uppeldi garðplanta í betra horf á norðulandi.

h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

355 kg. 12-12-17-2,
130 - kjarni
35 - superba
10 - magn. sulfat
175 - áburðarkalk.

Sama tilhögun á áburðarnotkun var höfð og á s. l. ári.

Sýnt er þó að dreifplöntur í móbandi þurfa stærri áburðar skammt en þær fengu í sumar og má þar sérstaklega nefna birkið.

1. Annað.

Sundurliðun á kostnaði við rekstur gróðrarstöðvarinnar sýnir um 34% hækkun frá s. l. ári.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar 1974.

	<u>Tekjur.</u> (netto)	<u>Gjöld.</u>
Seldar-og afh. skógarpl.	1.258.878.-	
" hnaus-og garðpl..	178.918.-	
1/2 kaup ráðsk.& verkstj		236.698.-
Sáningar.....		57.420.-
Dreifplöntur.....		392.753.-
Garðplöntur.....		65.076.-
Pottun.....		50.785.-
Vökvun.....		15.312.-
Afhending plantna.....		194.462.-
Illgresiseyðing.....		289.907.-
Jarðvinnsla.....		23.223.-
Vetrarumbúnaður.....		50.275.-
Smíðar.....		62.779.-
Ýmislegt.....		30.879.-
Samtals kr.	1.437.796.-	1.469.568.-

Talsverðar skemmdir urðu í gróðrarstöðinni í frostun- um 27.- 30. maí. Urðu þær skemmdir fyrst og fremst á stafafuru, blágreini og hvítgreini í móbandi. Fyrir stór- aföllum sem þessu, eru móbandsplöntur vafalítið viðkvæmari en dreifsettar plöntur.

Aðrarar plöntur í stöðinni sluppu furði vel, nema þá helzt blágreini, sem varla á hér heima í ræktun, a. m. k. ekki úti.

Gerð var tilraun með að skyggja lerkí með svörtu plasti seinni part sumars. Gaf sú tilraun, þó ófullkomin væri ótvírett svar, þannig að skyggt lerkí felldi barrið a. m. k. 10 dögum fyrr en það sem óskyggt var látið.

7. GRÓÐURSETNING.

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 35.870 plöntur og var kostnaður á plöntu tapar kr. 4.00.

Aðallega unnu fjórir menn við gróðursetninguna.

Gert er ráð fyrir að gróðursetja allt að 45 þúsund plöntur árið 1975, þannig: Sandhaugar 15 þúsund plöntur, Vagfir 15 þúsund, Sigríðarstaðaskógur 10 þúsund og Fellsskógur 10 þúsund. Grísjun er mikið til lokið fyrir ofan greint magn, þar sem grísja þarf.

b. Plöntunartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett dagana 27. maí - 14. júní, í Sigríðarstaðaskógi 10. - 14. júní og á Sandhaugum 19.-21. s. m.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Reitur.</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Stafafura	2/2	Skagway	306 nhl.	500
"	"	2/2	Skagway	413	5.750
"	"	2/3	Pr. Georg		160
"	Lerki	2/3	Altai	321	3.500
"	"	2/3	Altai	Hálsn.	2.400
					<u>12.130</u>
Sigríðarst.sk.	Stafafura	2/2	Smithers		3.725
"	Lerki	2/3	Altai		9.250
					<u>12.975</u>
Sandhaugar	Lerki	1/mb	Altai		2.200
"	Lerki	2/3	Altai		8.385
					<u>10.585</u>
	<u>Samtals</u>				<u>35.870</u>

Í Sigríðarstaðaskógi var gróðursett í austurhluta skógarins, á Sandhaugum, skammt norðan bæjar.

8. HIRÐING.

a. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Borinn var tilbúinn áburður á í reit nr. 306, 7 sk. kjarni.

Haldið var áfram að hreinsa burt brotin tré á fjölförnustu söðum í skóginum og þá sérstaklega norðan Merkjagrógar, upp að efra vegi.

Í Sigríðarstaðaskógi voru grisjaðir um 3 ha. fyrir gróðursetningu næsta árs.

Á Ásbyrgi var unnið með meira móti að grisjun og unnu þar tveir norðmenn, ásamt eftirlistmanninum þar við grisjun í vikutíma.

Því miður var alltof lítið unnið að umhirðu og áburðargjöf og má ekki svo halda áfram.

9. VEGAGERÐ.

Miklar umbætur voru gerðar í vegamálum hér í skóginum.

Í Marz sl. skrifaði ég sýslunefnd S.-Þingeyjarsýslu og fór fram á lagæringar á veginum upp í Vagli.

Var því vel tekið og voru veittar kr. 150.000.- til þeirra framkvæmda.

Vegurinn í Vagli var stórbættur, hækkaður upp og borið í veginn.

Þá var þjóðvegurinn gegn um skóginn lagfarður á þörtum, sunnan Hróastaðaness, svo og innkeyrslan í skóginn, sem hefur verið mjög erfð að vetrarlagi.

Þessum vegaf framkvæmdum stjórnaði Stefán Kristjánsson, Tungunesi, af einstakri útsjónarsemi og lipuró.

10. BYGGINGAR.

a. Nýjar byggingar.

Haldið var áfram byggingu skemmunnar, sem hafin var á s. l. ári.

Var steypdur kjallari undir hluta hússins, 4 x 15 m að stærð, svo og tvar gryfjur, önnur fyrir fúavarnarkar, hin til hagræðis fyrir vinnu undir bílum og dráttarvélum.

Annars var grunnurinn fylltur með sandi, sem var bleyttur vel um leið og hann var þjappaður ~~vel~~, með taki sem fengið var að láni hjá Akureyrarbæ.

Ákveðið var að einangra helming hússins og er því verki lokið.

Eftir er að hólfa hluta, sem var eingngraður í sundur, í snyrtingu, látið verkstaði og afgreiðslu.

Útihurðir eru hér í smíðum,

Mikið af efni var notað úr Brúarlundi, bæði í skilrúm og til þess að klæða einangraða hlutann innan, ennfremur hurðir og gluggar.

Vinnukostnaður starfsmanna hér nam kr. 608.652.00, annar kostnaður, svo sem sement, eingangrun ofl. 524.263.00, kastur og ýtuvinna kr. 58.056.-, alls kr. 1.190.971 og er þá kostnaður við bygginguna komin í kr. 1.824.661.-

Á Vöglum I var komið upp bragga 7 löngum, úr efni úr Brúarlundi og er hann ætlaður sem vélageymsla fyrir ábúandann þar.

Þá var látið efni í Þórðarstaði til þess að koma upp 10 m. l. bragga, sem ábúandinn þar sá sjálfur um að koma upp. Efnið úr Brúarlundi.

b. Viðhald og endurbætur.

Viðhald og endurbætur voru með minnsta móti.

Á Vöglum I var aðeins um smá lagfæringar að ræða og þak á íbúðarhúsi var málað að hluta. Eftir er að mála húsið að utan, laga tröppur og þússningu á húsinu sem er að gefa sig.

Það helzta var að vatnslöngin í Vagli I var endurnýjuð, en sú gamla var orðin ónýtt. Lögnin er um 490 m.l. og voru notað 1 1/4" plaströr frá Reykjalundi. Kostaði þessi framkvæmd um 11^{1/2} þúsund krónur og fest vantanalega endurgreiddur helmingur þeirrar fjárhæðar.

Á Vöglum II voru gerðar nokkrar umbætur í kjallara og m. a. komið upp rafhitadunk.

Þá skal þess getið hér að vatnslögnin í Þórðarstaði er mjög farin að gefa sig og verður varla hjá því komist að endurnýja hana á næsta sumri.

Hluti af Brúarlundi féll niður undan snjóþunga í janúar s. l. Var því vestari bragginn rifinn s. l. vetur og vor, en sá eystrí í september- október. Er nú aðeins eftir að jafna rústírnar við jörðu, en taki til þess fengust ekki, þegar búið var að rífa.

Kostnaður við rifrildið var kr. 229.860.-

11. VÉLAR OG VERKFERI.

a. Mótörvélar.

Reksturskostnaður dráttarvéla varð kr. 55.563.00, þar af olíur kr. 42.227.00.

Reksturskostnaður bifreiðar varð kr. 76.740.00, þar af benzín og olíur kr. 64.880.--.

b. Vélar og verkferi.

Tvar nýjar keðjusagir voru keyptar á árinu, önnur lítil af gerðinni Jobu, hin af gerðinni Stihl AVP 20.

Þáðar eru þessar sagir líprar og léttar, hin fyrri þó nokkuð veigalítið, nema þá fyrir kjarr.

Hingað var keyptur snjóblásari frá fyrirtækinu Finn Machines Oy, Finnlandi. Er það sá fyrsti sinnar gerðar hér landis. Er blásari þessi hið mesta þarfa þing við okkar aðstæður, þá að snjólag geti auðvitað orðið það mikið að ekki sé hægt að nota blásarnn, þar sem honn er aftan-tengdur. En við venjulegar aðstæður er blásarinn mjög þarftur tæki og verðið aðeins kr. 59 þúsund krónur.

Þá er búið að festa kaup á vindu, Farmi Vinsch, frá fyrirtækinu Orion Yhtyma Oy, Finnlandi og er tækið komið til landsins. Vonandi léttir erfiðasta þáttinn við skógarhöggið, samdráttinn á viðnum.

Birkingavél fyrir staura kom hingað frá Hallormsstað, hið mesta þarfa þing.

12. ÝMISLEGT.

a. Ferðafólk.

Ferðafólk var heldur með ferra móti og var umgengni góð.

Engar skemmtanir voru haldnar hér í skóginum og það er vel.

Norður-Þingeyingar héldu sína þjóðhátíð í Ásbyrgi og fór hún vel fram að sögn eftirlitsmannsins þar.

Kostnaður vegna ferðafóls í Vaglaskógi var kr. 34.962.-- og í Ásbyrgi kr. 63.545.--, sem er fyrst og fremst vinna við grísjun.

b. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Skógarvörður sáð að venju um framkvæmdir í skóglendum Skógræktar ríkisins og fór venjulegar eftirlitsferðir.

Skógarvörður mætti þrisvar í landamerkjadómi Þingeyjarsýslu, sákv. ósk sýslumanns Jóhanns Skaptasonar, vegna þess að eigendur Helgastaða og Pálsholts í Reykjadal, kröfðust eignarréttar yfir Skuldabingsey.

Dóminn skipu Jóhann Skaptason, sýslumaður, meðdómendur Vora Sigurður Jónsson og Vigfús Jónsson.

Var niðurstaða dómsins að Skuldabingsey væri eign ríkisins.

Skógarvörður sat aðalfund Skógræktarfélagss S.-Þingeyinga að Breiðumýri og leiðbeindi einstaklingum innan félagsins, eftir því sem tók voru á.

c. Ímislög.

Í júlí kom sænskur prófessor, Gustav Sirén, í fylgd Þórarins Benediktz. Var það bæði fróðleg og skemmtileg heimsókn.

Í ágúst komu hér nemendur og kennarar Vilvoðe Havebrugshóskóla, Danmörku, í fylgd Crétars Unnsteinssonar, skólartjóra.

Þá má nefna heimsókn Óla Vals Hanssonar, ráðunauts Búnaðarfélagss Íslands, sem var í senn fróðleg og skemmtileg.

Í ágúst funduð mannabein í vegarkant, skammt ogan vegamóta í Vagli I, þar sem vegurinn liggur suður skóg. Var tilkynnt um fundinn til Þjóðminjaráðar, semá bendi Guðmund Ólafsson, til þess að rannsaka fundinn. Fann hann lítið til viðbótar af beinum.

Börnir voru 30 sk. af áburði, 23-23-0-, á sáningu s. l. árs á Belgsárhöfða.

Áréttuð er sú ósk um mána frá tilraunastöðinni á Mógilssá til þess að rannsaka þær skemmdir sem urðu á tþágróðri hér í sýslunni í maí s. l. Ennfremur að gerðar verði tilraunir með gróðursetningu, á vegum sömu stofnunar, á Hálsmelum.

Vöglum 12. janúar 1975.

Vilfrður Gunnarsson